

alþýðu

blaðið

FÖSTUDAGUR 26. JAN. 1973 — 54. ARG. — 21. TBL.

BANDARÍSKIR BJÓÐAST TIL AÐ BORGA

ENGIN LÖÐNU- VINNSLA

Vegna umræða um hugsanlega löðnuvinnslu í Vestmannaeyjum þrátt fyrir eldgosin, hefur Jakob Jakobsson fiskifræðingur tjáð blaðinu, að slíkt sé afar hæpið.

Sagði Jakob að sú hætta væri alltaf fyrir hendi við elds-umbrotin, að aska og önnur gosefni blöndubust við löðnuna og gerðu hana óhæfa til vinnslu. Flestar þrær í Vestmannaeyjum eru opnar, og þótt þeim yrði lokað með segli eða einhverju slíku, gæti gosefni komist í löðnuna við flutning.

Þá hefur Ingólfur Arnarson starfsmaður Utvegsbændafélags Vestmannaeyja tjáð blaðinu, að ekki sé að vonast eftir því að starfsemi geti hafist í fiskvinnslustöðvum í Eyjum, nema vatnsleiðslan þangað haldist ósköðuð.

RÝMA ÞEIR LÍKA HÚSNÆÐI?

Alþýðublaðið hefur eftir öruggum heimildum að Bandaríkstjórn hafi boðið íslensku ríkisstjórninni efnahagslega aðstoð vegna áfallannaaf völdum eldgossins í Vestmannaeyjum.

Ríkisstjórnin hefur enn ekkert látið uppi um boð bandarísku stjórnarinnar, en blaðið hefur eftir öruggum heimildum, að Bandaríkjamenn hafi boðist til að láta Íslendingum í té ákveðna fjárupphæð, sem tilgreind er í orðsendingunni til ríkisstjórnarinnar, sem megi nota strax til aðstoðar þeim þúsundum fólks, sem neyðst hafa til að flytja heimili sín í Vestmannaeyjum.

Þá mun þess og getið í orðsendingunni, að Bandaríkstjórn sé reidubúin til að veita Íslendingum frekari efnahagslega aðstoð síðar vegna þeirra áfalla, sem íslenskt efnahags- og athafnalíf hafi eða verði fyrir af völdum eldgossins í Eyjum, þegar afleiðingar þess liggi ljósar fyrir en nú.

Þæjarstjórn Keflavíkur samþykkti í gær að skora á varna-

máladeild utanríkisráðuneytisins, að hún hlutist til um að varnarliðið rými sem allra flestar íbúðir í bænum til afnota fyrir Vestmannaeyinga. Varnarliðsmenn leigja í Keflavík einni um 230 íbúðir, eða húsnæði, sem nægir fyrir um 1000 manns.

Þæjarstjórn Keflavíkur hélt fund í gær og var eina dagskrá málið að ræða hin válega tíðindi frá Vestmannaeyjum.

Þæjarstjórnin samþykkti eftirfarandi ályktun eftir umræður um málið, þar sem fram kom einlæg von allra þæjar-
Framhald á bls. 2



Frá Friðarhöfninni í Vestmannaeyjum er alvanalegt að sjá reyk leggja yfir bæinn. Í gær var það reyndar reykur, en ekki úr bræðslunum eins og vanalega, heldur frá gosinu. Hinsvegar standa bræðslurnar auðar og tómar, en veiðarfæri eru flutt um borð í bátana, sem nú verða að skipta um verstöð, — að minnsta kosti í vetur. Mynd: Þorri.

GAT ENGINN LIÐ- SINNT LITLUM, VEG- LAUSUM EYJASNAÐÁ

Síðdegis í fyrradag villtist lítill Eyjadrengur í Reykjavík. Fannst hann ekki fyrir en nokkur eftir miðnætti, og hafði hann þá ráfað um bæinn rammvilltur í nokkrar klukkustundir, enda aldrei komið til Reykjavíkur fyrr.

Nánari tildrög voru þau, að pilturinn sem er sjö ára gamall, hafði farið með föður sínum og móður á Umferðarmiðstöðina, en faðir hans ætlaði til Þorlákshafnar. Þegar móðir drengsins ætlaði heim, fann hún hvergi drenginn. Hafði hann gengið eitthvað frá húsinu og villist.

Fannst drengurinn ekki fyrir en nokkur eftir miðnætti, og var hann þá á gangi á Nóatúni, greinilega rammvilltur. Vegfarandi sem átti barna leið um, þótti háttarlag drengsins undarlegt, og tók hann upp í bil sinn. Var drengurinn þá svo ruglaður, að hann gat nánast enga lýsingu gefið á háttum sínum, unz manninum tókst í lokin að fá það út úr honum að hann væri frá Vestmannaeyjum.

Eftir nokkuð stífabrak við lögregluna tókst manninum að koma drengnum í hendur móðurinnar, sem beið þá á lögreglustöðinni. Keyrði hann móður og barn upp í Breiðholt, en þar búa þau hjá kunningjafólki.

Umræddur maður sagði í samtali við blaðið í gær, að hann undrabist afgreiðslu þá sem hann hefði fengið hjá lögreglunni. Sagðist hann hafa bringt í aðal-númer lögreglunnar 11166, og spurst fyrir um það hvort tilkynnt hefði verið um hvarf drengsins.

Sá sem varð fyrir svörum kvaðst ekki vita um það, en benti á annað númer. Það númer var á tali í rúman stundarförðung, og kvaðst maðurinn ekki hafa viljað lenda í slíku ef hann hefði átt mikilvægari erindi við lögregluna.

Þá sagði maðurinn ennfremur, að sér hefði skilið að skipulögð leit hefði ekki farið fram á drengnum, þrátt fyrir að hverf hans hefði verið tilkynnt um kvöldið. Hefði lögreglan aðans beðið leigubíljóra að svipa: um eftir drengnum.

SEX MÁNAÐA FANGELSI FYRIR MORÐTILRAUN?

Er hugsanlegt að refsing fyrir morðtilraun verði ákvörðuð aðeins sex mánaða fangelsi? Nýlega dæmdi þæjarfógetaembættið í Keflavík mann nokkurn, Keflvíking, í sex mánaða fangelsi fyrir að hafa ráðist á annan mann og stungið hann með hnífi. Gera má ráð fyrir að saksóknari áfrýji dómi undirréttar til hæstaréttar — og þá fæst úr því skorðið hvort refsingin verður þvingd — og hvort um raunverulega morðtilraun hafi verið að ræða.

marz sl. og skýrði blaðið frá því á sínum tíma. Þrír menn voru að drykkju og slettist upp á vinskapi hjá tveim þeirra. Sá þriðji, hnífstungumaðurinn og jafnframt húsbóndinn, lét þetta lengi vel afskiptalaust.

Skýndilega stóð hann upp náði í hníf, réðist að örurum manninum og stakk hann svo flýta þurfti hann á spítala. Var þá hnífstungumaðurinn dæmdur í 20 daga gæluvarðhald og var framkvæmd á honum geó-rannsókn. Samkvæmt henni var maðurinn talinn sakhæfur.

Það er að fréttu af manninum,

sem varð fyrir stungunni, að meislari hans voru ekki eins alvarleg og talið var í fyrstu, og hefur hann nú fengið fullan bata.

Hnífstungumaðurinn var svo nýlega dæmdur fyrir tiltækið, sem fyrir segir, og var dömurinn óskilorðsbundinn, enda hefur maðurinn annað svipað mál á samvizkunni, er hann réðst á bróður sinn og stakk hann með hnífi. Hann mun hafa fleiri smærri afbrot á sakaskrá sinni.


Blaðið hafði í gær samband við Valtý Sigurðsson fulltrúa þæjarfógeta í Keflavík, og spurði hann hvort þetta væri þung eða

væg refsing fyrir ítrekaðar vopn- aðar líkamsárásir. Hann vildi sem fæst um það segja, en sagði þó að lokum að dömurinn væri a.m.k. ekki of þungur.

**HEFUR ÁÐUR
RÁÐIZT Á
BRÓÐUR SINN
OG STUNGID
MED HNIFI**

Þetta atvikaðist í Keflavík í

„FRENZY“



Nýjasta kvikmynd Alfreds Hitchcock. Frábærlega gerð og leikin og geysispennandi. Myndin er tekin í litum í London 1972 og hefur verið og er sýnd við metað-sókn víðast hvar.

Aðalhlutverk:
Jon Finch og Barry Foster.
Íslenzkur texti
Sýnd kl. 5. og 9.

Verð aðgöngumiða kr. 125.-
Bönnuð börnum innan 16 ára.

STJÖRNUBÍÓ Sími 18936

Kaktusblómíð
(Cactus flower)
Íslenzkur texti



Bráðskemmtileg ný amerísk gamanmynd í technicolor. Leikstjóri Gene Saks. **Aðalhlutverk:** Ingrid Bergman, Goldie Hawn, Walter Matthau.
Sýnd kl. 5, 7 og 9.

KÓPAVOGSBÍÓ Sími 41985



Afrika Addio

Handrit og kvikmyndatökstjórn: Jacopetti og Prosperi. **Kvikmyndataka:** Antonio Climati.
Sýnd kl. 5.15 og 9.

Bönnuð innan 16 ára.

Aukamynd

Faðir minn átti fagurt land,
ljtmynd um skógrækt

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

María Stúart
sýning í kvöld kl. 20

Ferðin til tunglsins
sýning laugardag kl. 15.

Lýsistrata
sýning laugardag kl. 20

Ferðin til tunglsins
sýning sunnudag kl. 15

„Ósigur“ og „Hversdagsdraumur“
sýning sunnudag kl. 20

Gesta leikur Slavneskír dansar
France Marolt dansflokkurinn og Tjone Tomsic þjóðlagakórinn frá Ljubljana í Júgóslavíu.
Sýningar föstudag kl. 20 og 23.

Miðasala 13,15–20. Sími 1-1200.

HÁSKÓLABÍÓ Sími 22140

Utanbæjarfólk
(The out-of-towners)

Bandarísk litmynd, mjög viðburðarrik og skemmtileg og sýnir á áþreifanlegan hátt að ekki er allt gull sem glóir.
Aðalhlutverk:
Jack Lemmon
Sandy Dennis.

Íslenzkur texti.
Sýnd kl. 5, 7 og 9.

HAFNARBÍÓ Sími 16444

Varist vætuna



Jackie Gleason-Estelle Parsons
„Don't Drink The Water“

Sprenglætileg og fjörug ný bandarísk litmynd um viðburðaríka og ævintýralega skemmtiferð til Evrópu.

Íslenzkur texti
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11

TÓNABÍÓ Sími 31182

„Midnight Cowboy“



Heimstræg kvikmynd sem hvarvetna hefur vakið mikla athygli. Arið 1969 hlaut myndin þrenn OSCARS-verðlaun.

1. Midnight Cowboy sem bezt kvikmyndin
2. John Schlesinger sem bezt leikstjórn
3. Bezt kvikmyndahandritið.

Leikstjóri: JOHN SCHLESINGER
Aðalhlutverk:
DUSTIN HOFFMAN — JON VOIGHT, Sylvia Miles, John McGIVER

ÍSLENZKUR TEXTI
Sýnd kl. 5, 7, og 9.15.

Bönnuð börnum innan 16 ára



Fló á skinni:
í kvöld, uppselt.

Atómstöðin:
laugardag kl. 20,30

Leikhúsa ílfarnir:
sunnudag kl. 15

Kristnihald:
sunnudag kl. 20,30

Fló á skinni:
þriðjudag, uppselt.

Fló á skinni:
miðvikudag, uppselt.
Aðgöngumiðasalan í Iðni er opin frá kl. 14. Sími 16620.

Auglýsingasíminn okkar er 8-66-60



Eldsumbrotin í Vestmannaeyjum hafa haft ótrúlegt rask í för með sér fyrir íbúa eyjarinnar. eru afleiðingarnar enn ekki fyrirseðar ennþá.
Knattspyrnumenn úr Eyjum voru byrjaðir æfingar af fullum krafti fyrir sumarið. Nú er allt í óvissu með æfingar, en líklegast er að þeir fái inni á Melavellinum til æfinga. Þá hefur Valur bóðið þeim afnot að íþróttahúsi sínu.
Myndina tók ljósmyndari blaðsins Friðbjöfur í Þorlákshöfn á þriðjudaginn, og sýnir hún Olaf Sigurvinnsson fyrirliða 1BV líðsins lyfta hluta af búslóð sinni í land.



ÞÁTTTAKAN VAR MJÖG GÓÐ Í FYRSTA HLJÓMSKÁLAHLAUPINU

Fyrsta Hljómskálahlaupið 1973 fór fram sl. sunnudag (21/1) í ágætis veðri.

45 áhugasamir hlauparar mættu til leiks og náðust mjög góðir tímar í svo til öllum aldersflokkum. Gleðilegt var að sjá föður koma og hlaupa með sonum sínum og fara létt með. Vonandi er að fleiri foreldrar tækju eftir forðæmi hans, sér og börnum sínum til ánægju og fjölskyldunni til aukinnar samheldni.

Úrslit flokka.

- St. í. '55
1. Lilja



- Guðmundsdóttir 2,51,0 mín.
2. Bjarney Arnadóttir 3,28,0 mín.
St. í. '58
1. Guðbjörg Sigurðardóttir 3,16 mín.
St. í. '59
1. Björk Eiríksdóttir 2,58 mín.
St. í. '62
1. Sólveig Pálsdóttir 3,33 mín.
2. Lára Björnsdóttir 4,22 mín.
St. í. '63
1. Eyvör Ragnarsdóttir 3,34 mín.
2. Helga Róbertsdóttir 3,43 mín.
St. í. '64
1. Bára Jónsdóttir 4,03 mín.
St. í. '65
1. Arndís Hrafnadóttir 4,20 mín.

2. Margrét Björgv. dóttir 4,24 mín.
P. í. '58
1. Finnur Sveinbjörnsson 2,37 mín.
2. Páll Kolka Ísberg 2,43 mín.
P. í. '59
1. Guðmundur R. Guðmundsson 2,52 mín.
2. Óskar Thorarensen 3,12 mín.
P. í. '60
1. Guðmundur Geirdal 2,39 mín.
2. Jón Erlingsson 2,59 mín.
Framhald á bls. 2

SKÓLAMÓT KSÍ

Skólámót KSÍ hefist á næstunni. Þeir skólar sem hyggja á þátttöku, tilkynni sig í pósthólf 1011 fyrir 6. febrúar n.k.

ÞAR, SEM HALDA Á MÓT

Reykjavík 20.1.73.
Þar sem halda á mót í 2. fl. kv. og M.fl.kv. svo kallað Stór-Reykjavíkurmót (Faxaflóamót) í febrúar.
Skulu þátttökutilkynningar berast til Undirbúningsnefndar Faxaflóa móti Box 864 fyrir 20.1.73.
Þátttökurétt hafa Kvennalið í 2. fl. og M.fl. frá svæðinu Keflavík-Kollafjarðar.
Með þátttökutilkynningunni skal tilkynna eina stúlku, sem fulltrúa í Undirbúningsnefndinni og eina til vara, annars verður þátttökutilkynningin ekki tekin gild.
Bréflög þátttökutilk. verður að hafa borist fyrir 29.1.73. annars ekki tekin gild. Allar símatilkynningar ógildar.
Upplýsingar í Síma: 37632. (Fréttatilkynning)

AJAX ER Í MIKLU STUÐI

Í fyrirkvöld fór fram í Amsterdam seinni leikur Ajax og Glasgow Rangers í úrslitum um svonefndan „super-bikar“, en um þann bikar keppa Evrópu-meistarar meistarar og bikarliða ár hvert.
Ajax sigraði 3:2, og hlýtur því bikarinn, fyrri leikur liðanna endaði nefnilega einnig með sigri Ajax, 3:1. Sá leikur fór fram í Glasgow.
Ajax átti mjög góðan leik, og er líklegast bezt félagslið Evrópu og jafnvel heimsins þessa stundina. En úr því fest víst skorði á næstunni er Ajax og Bayern München mestast í Evrópu-bikarum.
Bezt maður Ajax er Johann Gryuff, hann skorar næstum því í hverjum leik. Myndin til hliðar er af honum.



Bílum og búslóðum skipað um borð í Heklu í Eyjum

FRYSTIHÚS Á SUÐVESTURHORNINU:

TREYSTA SÉR TIL AÐ TAKA AFLA EYJABÁTA

Lausleg könnun hefur leitt í ljós, að fiskvinnsluhús á suðvesturhorni landsins geta með góðu móti unnið allan afla Vestmannaeyjabáta, fái þau nægan mannafla til vinnslunnar. „Eftir að hafa athugað þessi

mál mjög lauslega, verð ég að segja að bjartsýni ríkir hjá okkur útgerðarmönnum í Eyjum um farsæla lausn þessa máls“, sagði Guðlaugur Stefánsson formaður Útvegsbændafélagsins í Eyjum er blaðið ræddi stuttlega við hann í gærkvöld.

Kindur fluttar í flugi

Allir hestar Vestmannaeyinga eru nú komnir til lands. Voru þeir fluttir í þrem ferðum með Heklu, en þeir voru alls 44. 20 þessara hesta bauðst bóndinn á Klængsæli í Flóa til að taka til geymslu og hirðingar. Hestamannafélagið Fákur og Sigurbjörn Eiríksson í Alfsnesi hafa búið til að annast hina.

Þá er ráðgert að Fragtflug hf. flytji sauðfé Eyjabænda til lands í dag, talsvert á sjötta hundrað fjár, og 5 kálfa.

Þau hænsni Eyjabúa, sem rétt þykir að flytja fara ýmis í Þorlákshöfn eða til Bessastaða.

Asgeir Hannes Eiríksson, form. Dýraverndunarsambands Íslands, hefur verið í Eyjum undanfarna daga og unnið að þessum málum. Kom hann til lands í gær og lauk lofsorði á alla, sem höfðu samvinnu um þetta ágæta framtak, bæði bændur í Eyjum, skáta, lögreglu. Gat hann þess, að þrír bifreiðastjórar á Hreyfli, sem allir eru hestamenn, hefðu og veitt mikla aðstoð.

Loks sagði Asgeir, að frá Eyjum yrðu flutt 20 bur sem páfagaukum, og tvær skjaldbökur.

Málaumleitarnir Vestmannaeyinga hafa alls staðar fengið mjög góðar undirtektir. Fiskvinnsluhús hafa búið til að taka afla hjá einum eða fleiri bátum, allt eftir því hve afkastageta viðkomandi húss er mikil.

En flest húsina hafa haft þann fyrirvara á, að þau þurfi aukinn mannafla, eigi þau að taka við auknum afla. Það virðist því vera næg afkastageta fyrir hendi hjá húsunum, en hins vegar virðist víðast skorta mannafla. Vandamálið verður því ekki leyst nema aukinn vinnukraftur fáiast, og er vonast til að það verði ekki vandamál. Til dæmis ætti að vera möguleiki á því að beina því vertíðarfólki sem leitar vanalega til Eyja, á staðina á suðvesturhorni landsins.

Sem fyrr segir er ábeins búið að gera lauslega könnun. Eftir er að kanna ýmsa abra þætti málsins,

Fáist nægur mannafli

svo sem hvort húsini eru fær að afkasta öllum aflanum þegar toppálagið kemur um miðjan marz. Þá þarf að skipta bátunum á húsini eftir því hvaða veiðarfæri þau nota, saltfiskhúsini þurfa nefafisk, frystihúsini trollfisk og svo framvegis.

Í sambandi við aflahrotuna sem vanalega kemur um miðjan marz, hefur mörgum hugmyndum skotið upp, svo sem að visa þá togurum til löndunar á staðina norðan lands og austan.

Áhugi á aðstoð Norðurlandanna

Johannes Antonsson, varaformaður sænska Miðflokksins og einn af forsetum Norðurlandaráðs, hefur lagt til að Íslingar fái samnorrena aðstoð vegna tjóns af völdum náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum.

Antonsson beitti sér fyrir til lögu í þessu efni í flokki sínum, þegar fréttir bárust til Svíþjóðar um að eldgos væri hæfið í Vest-

mannaeyjum, einni mikilvægustu verstöð Íslands, og á þriðjudag samþykktu þingflokklar sænska Miðflokksins ályktun í þessu efni. Samþykktu þingmennirnir að Framhald á bls. 2

Þessir útkljá deiluna

Hæstiréttur Íslands skipaði í gær eftirtalda menn í gerðardóm í kjaradeilu vélgæzlumanna í frystihúsum á höfuðborgarsvæðinu: Magnús Thoroddsen, borgardómara, Guðmund Björnsson, próffessor, og Brynjólf Sigurðsson, lektor. Eins og kunnugt er tókst það samkomulag milli deiluoðila, að láta gerðardóm ákveða kjör þau, sem deilt var um, er sáttatilaunir reyndust árangurslausar.

GLÓANDI HRAUNINU RINGNDI YFIR BJÖRGUNARMENNINA

Þegar fréttamaður Alþýðublaðsins yfirgaf Vestmannaeyjar á sjötta tímanum í gær virtist sem gosið væri að færast í aukana eftir að hafa verið tiltölulega rólegt framan af degi. Gekk á með gifurlegum sprengingum, og eldurinn var oftast að mestu leyti hulinn svörtum og bláleitum reyk, en sá síðarnefndi fær, að sögn fróðra manna, lit sinn af brennisteinsgufum. Asamt með gufunni upp af sjónum þar sem hraunið hefur hitað hann upp, stíga reykjarmekkirinn upp í um 15–20 þúsund feta hæð.

Eins og sagt var í Alþýðublaðinu í gær hefur gosið að mestu fært sunnar eftir sprungunni, nær Helgafelli, en þó voru í gær talsverðar slettur nær sjónum, í grennd við Kirkjubæna. Þar var ófagurt um að litast í gærðag, eitt

hús í viðbót brann í gærmorgun, og hraunjadarinn kominn inn í það mitt.

Unnið var að því í fyrradag og alla nóttina að flytja húsmúni úr húsunum austast í kaupstaðnum,

og var þeim komið fyrir í barnaskólahúsinu. Fréttamaður Alþýðublaðsins hafði tal af ungum Vestmannaeyingi, sem snéri heim í fyrradag til þess aðbjarga búslóð sinni. Sagði hann, að gló-

andi hrauninu hefði rignt niður allt í kringum þá á meðan þeir unnu að flutningunum, og þegar því hefði verið við komið hafi menn notað húsgögnin til þess að Framhald á bls. 2

AF HVERJU VAR ÞYRLAN ÓNOTUÐ?

Ymsir hafa leitt að því hugann hvar björgunarþyrla Landahelgisgæzlunnar var niður komin nóttina sem eldgos- ið hófst í Vestmannaeyjum, og mikið reid á að allar tiltækar flugfloti sinni björgunarströfum.

Sem kunnugt er, fluttu tvær þyrlur frá varnarliðinu tugi sjúklinga af sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum, og fóru

nokkrar ferðir, auk þess sem þær stóðu til bóða, og standa enn, ef til frekari aðgerða hefði þurft að gripa.

Þær þyrlur af Seakorsky gerð, og taka um 10 farþega. Þyrla Landhelgisgæzlunnar er af sömu gerð, örlitillíðullkonnari þó, en tekur svipaðan farþega fjölda.

Margir veittu því athygli, að hún kom hins vegar hvergi

nærri, þótt hún væri alveg jafn vel fallin til björgunarflugsins og hinær þyrlurnar.

Bláðið reyndi í gær að afla sér upplýsinga um af hverju hún tók ekki þátt í björgunarstarfinu, en það tókst ekki þar sem Pétur Sigurðsson forstjóri Landhelgisgæzlunnar, sagði ekki mega vera að því að tala við blaðamenn.

Hins vegar hefur blaðið það eftir ábyggilegum heimildum, að þyrlan hafi staðið allan tímanum inni í flugsykli á Reykjavíkurflugvelli. Hún var í fullkomnu lagi, og flugmennirnir við góða heilsu, en af einhverjum ástæðum tók eina björgunarþyrla okkar Íslendinga ekki þátt í mesta björgunarstarfi, sem unnið hefur verið hérlendis.